

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir sjóðinn „Skútu“ í Mývatnssveit, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. janúar 1951. 16
30. jan.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóðinn Skútu í Mývatnssveit.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Skúta. Starfssvið hans er Skútustaðahreppur.

2. gr.

Stofnandi sjóðsins er síra Hermann Hjartarson, skólastjóri að Laugum, prestur að Skútustöðum 1916—1944. Stofnfé sjóðsins er 15 000.00 — fimmtán þúsund — krónur, sem stofnandi lagði á vöxtu í árslok 1948.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að leggja lið bændum og öðrum í Mývatnssveit, er byggja á jörðum sínum íbúðar- eða peningshús. Skulu slíkir menn eiga kost á að fá lán af sjóðnum um tiltekið árabíll, án vaxtagreiðslu.

4. gr.

Samkvæmt fyrirmælum stofnanda sjóðsins fer sveitarstjórn Skútustaðahrepps með fjárhald hans og stjórnar honum, og ábyrgist fyrir sveitarsjóðsins hönd, að fé sjóðsins glattist ekki í útlánnum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður hverjum skuli veitt lán úr sjóðnum, til hve langs tíma og gegn hvaða tryggingum. Útlán úr sjóðnum og endurgreiðslur skulu fara fram um áramót. Stjórn sjóðsins tilkynnir með nægum fyrirvara, hvenær umsóknir um lán úr sjóðnum skulu komnar henni í hendur.

Fé sjóðsins má ekki skipta í meira en tvö lán, nema fjárhæð sjóðsins aukist um 50% eða meira frá því, sem stofnfé hans nam í upphafi.

Reikningur sjóðsins skal yfirfarinn af endurskoðanda sveitarsjóðsreikninga á ári hverju.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af þeim hluta hans, sem ekki er í útlánnum, gjafir, áheit, samskot og hvers konar önnur fjáröflun, sem stjórn sjóðsins þykir vel við eiga að stofna til hans vegna.

7. gr.

Skipulagsskrá þessi er sett af sveitarstjórn Skútustaðahrepps, samkvæmt frumdrögum, er stofnandi sjóðsins lagði henni í hendur við afhendingu stofnfjárins. Gengst sveitarstjórnin, fyrir hönd Skútustaðahrepps, undir þær skuldbindingar, sem í henni felast.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

F. h. sveitarstjórnar Skútustaðahrepps

Jón Gauti Pétursson.